



Varðar dælingu úr holum RV-39, RV-40 OG
RV-41

Jens Tómasson, Ómar Bjarki Smárason,
Þorsteinn Thorsteinsson

Greinargerð JT-ÓBS-ÞTH-84/01


Árni Gunnarsson / Einar Gunnlaugsson,
Hitaveitu Reykjavíkur

VARÐAR DÆLINGU ÚR HOLUM RV-39, RV-40 OG RV-41.

Varðandi þrjú dælingar sem rætt hefur verið um, sem lið í rannsóknnum á holum RV-40 og RV-41, og vegna væntanlegrar dælingar úr holu RV-39, viljum við benda á nokkur atriði sem vert er að hafa í huga við undirbúning dælingarinnar. Þau eru rædd á næstu síðum þessarar greinargerðar.

Hjálagðar eru síðustu hitamælingarnar úr holum RV-39 og RV-41.

Virðingarfyllst,



Jens Tómasson
Ómar Bjarki Smáráson
Þorsteinn Thorsteinsson

Hola RV-39.

Áður en dæla er sett í holuna er æskilegt að sprengja fleiri göt á lausu 9 5/8" fóðringuna, sem nær úr 461 m í 1048 m dýpi. Tvær sprengjur voru sprengdar í holunni þann 27. jan. 1984 áður en örvun og prófanir hófust, en sú götun er ekki talin fullnægjandi.

Tregðu- og iðustreymisstuðlar holunnar eru háir miðað við aðrar holur á Elliðaársvæðinu. Einnig er nokkur óvissa í götun fóðringarinnar. Því teljum við æskilegt að gata fóðringuna frekar til að auðvelda vatnsstreymið inn í holuna. Sprengja þarf 1-2 bombur til viðbótar á 1035 m. Ennfremur er lagt til að fóðringin verði götuð á tveimur stöðum ofar í holunni, á 785 m og 950 m dýpi. Tilgangurinn með götuninni er að fá meira vatn inn í holuna, en vatnsæðar koma fram á hitamælingum á þessum stöðum í holunni. Þar sem gera má ráð fyrir að báðar þessar æðar séu fremur litlar ætti ein sprengja að duga á hvorum stað.

Æskilegt er að setja 30-40 l/s (8 JKH) dælu í holu RV-39. Dæluna þyrfti að setja í gang á meðan vatnsborðið á Elliðaársvæðinu stendur hátt, til að hreinsa holuna sem best. Þetta þyrfti að gerast áður en svæðið er komið í fulla vinnslu.

Hola RV-39 var hitamæld þann 14. júní 1984 (sjá mynd 1). Vatnsæðin á 1035 m kemur mjög skýrt fram og æðin á 950 m dýpi sést einnig. Æðin á 785 m kemur aftur á móti illa fram, og stafar það líklega af truflun frá lausu fóðringunni.

Hola RV-40.

Setja þarf 15 l/s (6") dælu í holu RV-40. Æskilegt er að dæla úr holunni í nokkrar vikur, svo að hægt sé að kanna afkastagetu hennar.


Áður en farið verður að dæla úr holunni er æskilegt að hreinsa holur H-5, H-15 og e.t.v. fleiri holur eftir nánara samkomulagi, þannig að unnt sé að fylgjast með áhrifum dælingar á vatnsborðið á Þvottalaugarsvæðinu. Þess er vænst að dæling úr holunni og vatnsborðsmælingar á svæðinu gefi vísbendingu um hvort grundvöllur sé fyrir að bora aðra vinnsluholu á svæðinu, og hvar best væri að staðsetja næstu holu.

Hola RV-41.

Lagt er til að holan verði þrúfudæld á meðan vatnsborðið á svæðinu stendur hátt og áður en vinnsla á Elliðaáarsvæðinu hefst aftur í haust. Mælt er með að setja niður 30-40 l/s (8 JKH) dælu. Æskilegt er að draga vel niður í holunni til að hreinsa hana sem best.

Hola RV-41 var hitamæld þann 15. júní 1984 (sjá mynd 2). Mælirinn komst niður á 1400 m dýpi. Á hitamælingunni sjást fjórar óreglur, á 440 m, 840 m, 890 m og 1380 m. Vatnsæðin í 1305 m (sjá töflu 6 og 7 í skýrslu um síðari hluta holu RV-41) sést ekki vegna millirennslis á milli vatnsæða í 890 m og 1385 m.


REYKJAVÍK HOLA RV-39
HITAMÉLING



MYND 1

— MELT 84.06.14 HTUJ/HS 152 dögum eftir að borun lauk

REYKJAVÍK HOLA RV-41
HITAMÆLING



—○— MÆLT 84.06.15 26 dögum eftir að borun lauk

MYND 2